



Tegund eignar : Íbúð

Bæjarfélag / Hverfi :
Villamartin

Izona : Costa Blanca Sur

Svefnherbergi : 2

Baðherbergi : 2

Byggingarár : 2020

Sundlaug : Í sameign

Garður : Í sameign

Eignin snýr : til austurs

Útsýni : Á ekki við

Bílastæði : Bílskúr

Fermetra stærð eignar : 70 m²

Stærð verandar : 17,65 m²

Flugvöllur : 45 min

Strönd : 10 min

Borg : 10 min

Golf : 4 min

- | | | |
|-----------------------|----------------|---------------------|
| ✓ Geymsla | ✓ Öryggiskerfi | ✓ Miðstöðvarkynding |
| ✓ Bílskúr | ✓ Verönd | ✓ Heimilistæki |
| ✓ Innbyggð loftkæling | | |

Þessi glæsilegu 2 svefnherbergja, 2 baðherbergja 70m² íbúð, fylgir jafnframt verönd og einka bílastæði. Hún er staðsett í yndislegu hverfi, og í íbúðarþyrpingu þar sem hugað er að hverju smáatriði, þar sem sameiginlegt sundlaugasvæði og fagurlega gróinn garður eru sannkölluð augnayndi. Eru líka í boði 3 herbergja íbúðir í sömu blokk. Skammt frá er 18 holu golfvöllurinn Villamartin, þar sem njóta má óviðjafnanlegs útsýnis hvort sem er við að iðka golf íþróttina eða tylla sér á fallegan útsýnisbar og njóta þess að hlusta á fagurlitaða páfagaukana kvaka allan ársins hring. Golfvöllurinn sem að hverfið er jú nefnt eftir er inni í miðri íbúðarbyggð þar sem fagurgrænar golfbrautir og mikilfenglegt skólendi mynda einstakt umhverfi í göngufæri við nærliggjandi íbúðarkjarna og alla almenna þjónustu. Stutt er jafnframt að rölta til verslunarmiðstöðvarinnar La Fuente þar sem er að finna mikið úrval veitingastaða og bara, auk apóteks og matvöruverslunarinnar ALDI svo eitthvað sé nefnt, eða innan við 5 mínútur.

Fyrir náttúru unnenndur er jafnframt vinsælt að labba eða hjóla eftir vatnssíkinu "el canal" sem liggur sem landamerki upp við íbúðabyggð Villamartin hverfisins, en þar er að finna mikið fuglalíf og hægt að fara í skemmtilegar göngu- eða hjólaferðir meðfram skurðinum til nærliggjandi bæja, án þess að fara út á götu og alltaf umlukin fallegri náttúru. Auk þess er Zenia Boulevard verslunarmiðstöðin skammt frá, þar sem þín bíður mikið úrval verslana í yfir 80.000 m² verslunarsvæði, að ógleymdir heilbrigðisþjónustu hins margrómaða Torrevieja spítala sem er í 15 mínútna ökufjarlægð að heiman. Og fyrir sólarunnenndur þá ertu í einungis nokkura mínútna ökufjarlægð frá kílómetra löngum breiðum af fín sendnum ströndum sem hafa fengið vottun Evrópusambandsins fyrir gæði sjávar og þjónustu í formi Bláa fánans.